

28. maí 1965.

191

Nr. 76.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um bygging skólamannvirkja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög um bygging skólamannvirkja, þar sem samin hefur verið framkvæmdaáætlun um skólabyggingar í því skyni, að þær byggingar verði látnar sitja fyrir, sem þörf er mest á, og til þess að byggingartími styttest frá því, sem verið hefur. Til þess að hægt sé að nota geymdar fjárveitingar til ákveðinna skólamannvirkja til framkvæmda við önnur skólamannvirki er óhjákvæmilegt að fá sérstaka lagaheimild til þess að fresta greiðslu fjárveitinga til þeirra bygginga, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu með þeim né að nothæfum áfanga og jafnframt að lána slíkt fé til þess að hraða byggingu annarra skólamannvirkja.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti til bygginga þeirra skólamannvirkja, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né að nothæfum áfanga með fjárveitingum Alþingis, sem fyrir hendi eru, og framlögum sveitarfélaga. Skulu þá slíkar fjárveitingar geymdar í ríkissjóði, en jafnframt heimilt að veita lán af þeim til þess að hraða byggingu þeirra skólamannvirkja, sem unnið er að til þess að ljúka þeim sem fyrst.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gislason.